

Skóli í Skarðshlíð

Tílefni fundar: Verkfundur

Fundur
nr. 36Fundarstaður: Í vinnubúðum verktaka á verkstað við
Hádegisskarð Hafnarfirði

Dagsetning: 18. júlí 2019

Fundarritun: HÁ

Tími: 14:00 - 15:55

Mættir:

Verkís:	Kristján Björnsson	(KB)	kb@verkis.is	824-6313
	Hilmar Ástþórsson	(HÁ)	hia@verkis.is	846-0011
Eykt ehf.:	Ívar Már Markússon	(ÍMM)	ivar@eykt.is	822-4449
	Hlynur Gissurason	(HG)	hlynur@eykt.is	822-4418
Skarðshlíðarskóli:	Berglind Kristjánsdóttir	(BK)	berglindkrist@hafnarfjordur.is	
	Ægir Berg Elísson	(ÆBE)	aegirberg@hafnarfjordur.is	
	Ingibjörg Magnúsdóttir	(IM)	ingibjorg@skardshlidarskoli.is	
VSB:	Örn Guðmundsson	(ÖG)	orn@vsb.is	

Dreifing:

Fundarmenn	
Porgeir Margeirsson	Eykt
Páll Daníel Sigurðsson	Eykt
Ragnar Haraldsson	Verkís
Ólafur Ívar Baldvinsson	Verkís
Kjartan Mar Eiríksson	Verkís
Stefán Veturlíðason	VSB
Sigurður Haraldsson	Hafnarfjarðarbær



Nr.	Málefni	Ábyrgur
1	Almennt	
	<i>Skáletraður texti er óbreytt bókun frá síðast fundi.</i>	
1.1	Síðasta fundargerð Fundargerð síðasta verkfundar er samþykkt og undirrituð. <i>Verkfundargerðir eru sendar út með tölvupósti og eru einnig settar á verkefnavef verktaka.</i>	
1.2	Umsjón verkkaupa <i>Umboðsmaður verkkaupa er Sigurður Haraldsson frá Hafnarfjarðarbæ og verkefnisstjóri verkkaupa er Stefán B, Veturliðason frá VSB verkfræðistofu.</i> <i>Eftirlit er í umsjón Verkís, umsjónarmaður er Kristján Björnsson, eftirlitsmenn við daglegt eftirlit eru: Hilmar Ástþórsson byggingavirki, Kjartan Mar Eiríksson lagnir og loftræsing, Ragnar Haraldsson og Ólafur Ívar Baldvinsson rafbúnaður.</i>	
1.3	Umsjón verktaka <i>Staðarstjóri og byggingastjóri:</i> <i>Dorgeir Margeirsson, toggi@eykt.is s: 822-4414 (Byggingarstjóri)</i> <i>Ívar Már Markússon, ivar@eykt.is s: 822-4449 (Staðarstjóri)</i> <i>Verkstjórar:</i> <i>Hlynur Gissurarson, hlynur@eykt.is s: 822-4418</i> Ívar er kominn aftur til vinnu eftir frí.	
1.4	Tryggingar <i>Búið er að lækka tryggingu, eftir fyrsta áfanga (var gert 09.10.2018).</i> <i>Ekki eru forsendur fyrir því að lækka tryggingu fyrr en um næstu áfangaskil.</i>	
1.5	Heilbrigði, öryggi og umhverfi Vinnusvæðið er girt af og lokað og læst utan vinnutíma. Mikilvægt að eftirfylgni/eftirlit sé áfram með vinnugirðingum og tryggt að umferð inn á vinnusvæði sé ekki greiðfær. Áréttað við verktaka að vera vakandi fyrir akstri vinnuvéla á vinnusvæði, sérstaklega við lóðarfrágang og aðkomu aðfanga. Vinnugirðingar eru opnar á meðan umferð er þar um og þarf að gæta þess að skólabörn séu ekki í kringum umferð vinnutækja og eða að læðast inn á vinnusvæði.	



Í samráði við ráðgjafa/hönnuði er verktaki að skoða mögulegar útfærslur/úrbætur í grennd við reiðhjólastanda, í framhaldi af ábendingu sem barst þar um. Reiðhjólastandar eru lágir og slysaþætta getur hlotist af skyldu þeir t.a.m snjóa í kaf. Er í ferli hjá verktaka, verið er að skoða tvær mögulegar lausnir með landslagsarkitekt sem lagt verður fyrir eftirlit/verkkaupa til umsagnar. Er í vinnslu hjá verktaka.

Verktaki fundaði með skólastjórnendum og heilbrigðiseftirliti vegna athugsemnda við leiktæki á lóð. Þar upplýsti heilbrigðiseftirlit að málun á leiktækjum (upp að hæð 1,2m) væri ekki reglugerðarákvæði en um það væri leiðbeint í stöðlum. Heilbrigðiseftirlit kemur til með að skoða frekar um hvaða staðla er verið að ræða og upplýsa um. Skarðshlíðarskóli skoðar og metur í framhaldinu hvort þörf/æskilegt sé að mála leiktæki. Komi til þess mun verktaki mála umrædd leiktæki. Ó.br. frá síðasta verkfundi.

Öryggisúttekt á áfanga nr. 2, þ.e. húshlutum A og B, fór fram í gær (17.júlí 2019). Slökkvilið hafnar notkun húsnæðisins í því ástandi sem það er nú, í megindráttum er sett út á hurðar sem vantar, merkingar flóttaleiða og björgunaropa. Verktaki mun vinna úrbætur á, þó að afstaða úttektar hafi ekki heimilað notkun, er um að ræða atriði sem verktaki getur kippt í liðinn nokkuð hratt. Verktaki hefur fengið úttektarskýrslu og kemur til með að senda áfram á eftirlit.

Verktaki upplýsir um að ekkert slys hafi átt sér stað frá síðasta verkfundi.

1.6 Upphaf og lok framkvæmda

Samningur um verkið var undirritaður 28.7.2017

Samningsupphæð er kr. 3.979.077.263,-

Fyrsta skóflustungan var tekin 21.8.2017.

1.7 Aðstaða og athafnasvæði verktaka

Vinnusvæðið er að hluta til í skólasvæði. Verktaki er búinn að fara í gegnum ýmis atriði sem varða öryggi með skólastjóra og húsverði. Aðgengi og öryggi þeirra sem koma að skólanum verður tryggt.

Unnið er að lokaþrifum í húsbýggingum A og B. Búið er að dúkleggja upphækkaðar sætaraðir í fyrirlestrarsal (B2). Forþrifum er lokið. Farið verður í lokaþrif þegar kemur að lokaúttekt.

1.8 Veitustofnanir

Verktaki hefur óskað eftir að Hafnarfjarðarbær setji upp nettengingar í A og B hluta svo hægt sé að virkja kerfi. Enn vantar nettengingu á 2.hæð í húshlutum



A og B. Það er orðið verulega aðkallandi fyrir verktaka að fá inn nettengingu, svo að hægt sé að fullvinna og ganga frá aðgangsstýringarkerfi. Eftir þeim upplýsingum sem verktaki hefur er von á aðila frá Hafnarfjarðarbæ í dag.

ÆBE

1.9 Samstarf við aðra

Eftirtaldir undirverktakar koma að verkinu:

Jarðvinna, Gröfumaðurinn ehf. Raflagnir, Rafís. Pípulagnir, Topplagnir. Blikksmiður, Blikksmiði. Dúkalagnir, Pons. Málningarvinna, Sigurður Breiðfjörð. Múrverk, TM-Bygg. Þakpappalögn, Helgason og Co hf. Gifsveggir, innréttingar, innihurðir og kerfisloft, Parketlausnir (Sævar Helgason). Plöntur í lóð, Jóhann Sigurðsson garðyrkjufraeðingur. Þökulagning, HO torf. Heflun undir malbik, Hefilverk. Malbikun, Hlaðbær - Colas. Gluggaísetningar, ÁP-verk ehf. Uppsetning innihurða, Trésmiðja Róberts. Jóhann Helgi og Co - Leiktæki. Efla - forritun hússtjórnarkerfis.

1.10 Vinnutími

Vinnutími verktaka er 7:30 - 18:00 virka daga. Almennt séð er ekki unnið um helgar, tilfallandi er að undirverktakar séu að störfum um helgar.

1.11 Verkáætlun

Formleg áfangaskil á áfanga nr.1 var 6. nóvember.

Samkvæmt verksamningi áttu áfangaskil nr. 2 að eiga sér stað 15.júní 2019.

Boðað hefur verið til lokaúttektar á áfanga nr. 2, á morgun (föstudaginn 19.júlí 2019) klukkan 13:00.

Í húsbyggingu C er unnið að eftirfarandi úrbótum;

- **Vindbrjótur/aðalinngangur:**

Búið að panta rennihurð sem verður skipt út fyrir núverandi útidyrhurð í húsbyggingu C. Horft er til þess að uppsetning á rennihurð eigi sér stað þegar skóli fer í sumarfrí. Verktaki hefur fengið rennihurð og ráðgert að fara í uppsetningu þegar skólastarfi líkur, er á sumaraðgerðarlista. Rennihurð er uppsett og virk.

- **Masterskerfi í hurðir innanhúss:**

Masterskerfi er komið yfir til Véla og Verkfæra og verið er að leggja lokahönd á masterskerfið. Verktaki og skólastjórnendur hafa fundað og farið yfir lyklamál og aðgengi. Búið er að bora út sílendra í útihurðum. Er í lokavinnslu, hurðarbúnaður er væntanlegur næstkomandi mánudag.

ÍMM



- **Hússtjórnarkerfi:**

Er komið í gang að hluta til og húsvörður (ÆBE) hefur fengið hlutakennslu á kerfið. Efla verkfræðistofu vinnur að því að fullklára/forrita kerfið. Er í lokafrágangi, verður lokið og fullunnið von bráðar.

Verktaki hefur undanfarið unnið að úrbótum/lagfæringum til samræmis við sumaraðgerðalista sinn, úrvinnsla hans er vel á veg komin. T.a.m eru felliveggir komnir á verkstað og farið að huga að uppsetningu þeirra, búið er að endurmála stigahandið og lagfæra leka ofan við flóttahurð. Þá er búið að taka niður skóhillu í anddyri og koma fyrir styrkingum í léttum vegg. Verktaki leggur áherslu á að klára sumaraðgerðalista á næstu dögum, áður en skólalagd hefst á ný.

ÍMM

1.12 Gæðamál og verklagslýsingar

Leki kom upp í lyftu og rafmagnsstokk. Svo virðist sem lekið hafi með lögnum inn í lyftu- og rafmagnsstokkinn, búið er að þétta að innanverðu. Með þessu hefur verið fylgst frá því viðgerðir/þétting átti sér stað og hefur verið vandræðalaust hingað til. Fylgst verður með þessu áfram og gripið til frekari aðgerða sé þess þörf.

Verktaki er farinn að huga að því að setja upp hurðarstoppara á innihurðir í húshlutum A og B. Ekki voru settir upp hurðarstopparar á sínum tíma í húsbýggingu C, þeim verður bætt við samhliða uppsetningu í áfanga nr .2.

1.13 Mannafli og tæki

Mannskapur og tæki verkstað á fundardegi:

Mannskapur	
Stjórnun	2
Húsmiðir	12
Rafvirkjar	4
Píparar	0-3
Málarar	4-5
Blikksmiðir	4
Dúkarar	2
Verkamenn	4
Múrarar	2
Aðrir	0
Lóðarfrágangur	2
Samtals:	34-40

Tæki	
Trailer	0
Beltavél	1
Hjólavél	1
Cat	1
Skæralyfta	1
Samtals:	4



2 Verktakaverkið

2.1 Verkstaða - verkáætlun

Samkvæmt samningi skal skila áfanga nr. 2, þ.e. byggingum A og B þann 15. Júní 2019. Forúttekt fór fram 27. Júní og voru athugasemdir sem gerðar voru almenns eðlis. Stefnt er á lokaúttekt í lok næstu viku.

Boðað hefur verið til lokaúttektar á áfanga nr. 2, á morgun (föstudaginn 19. júlí 2019) klukkan 13:00.

2.2 Hönnun - breytingar. Teikningar og önnur gögn

Verktaki er beðinn um að skoða betur felliveggi milli kennslustofa í D og E byggingu.

Setja þarf brunastiga til bráðabirgða frá nýju starfsmannaáðstöðu í D-byggingu. Hefur verið útfært og arkitekt hefur gefið út teikningu vegna flóttastiga úr D2. Er í vinnslu hjá verktaka, smíði og uppsetning ráðgerð í næstu viku.

Breytt efnisval í myndavélum utanhúss hefur verið til umræðu aðila á milli, er í ferli hjá verkkaupa. Er í ferli, verktaki hefur fengið nýjar öryggismyndavélar afhentar og fer að huga að uppsetningu þeirra. Myndavélar eru uppkomnar og tengdar.

Tillaga frá loftræsihönnuðum að útloftun frá leirbrennsluofni liggur fyrir. Tenging og útfærsla er komin í ferli.

Rætt um sérliti inn á kennarastofu í húsbyggingu D;

Staðfest er að ekki verði breytt útfra þeim appelsínugula lit sem skilgreindur er í fundarherbergi. Skólastjórnendur óska eftir að sérlitur í setustofu kennara og utan á „U-vegg“ í fatahengi verði blár (*litanúmer: S6030R90b*). Verktaki mun bera tillögu undir arkitekt til staðfestingar.

Varðandi færslu á munaskápum í skrifstofu starfsmanna, til samræmis við tölvupóst eftirlits þar um; Munaskápar verða settir upp þar sem áður voru skilgreind fatahengi, setja skal upp í heildina 80 skápa til samræmis við forsögn.

Verktaki hefur upplýst um að, vegna stálplötu/lista í hurðarflekum sé ekki möguleiki að fræsa úr fyrir og glerja þá, líkt og rætt hafði verið um að gera í nokkrum innihurðum í leikskóla og tónlistarskóla. Eftirlit mun skoða í samráði við verktaka hvort mögulegt sé að nýta umræddar hurðir í seinni áföngum (D,E og F) og þá panta nýjar hurðir í B hluta, með gleri í hurðarflekum.

HÁ/ÍMM



Óskað er eftir því að skilrúm inn á salernum í leikskóla séu ávalt með hurð/fleka til lokunar (á báðum salernum). Á teikningum er einungis gert ráð fyrir hlera á öðru salerni. Verktaki vísar til þess að óskað hafi verið eftir því á sínum tíma að einungis annað salerni væri með hurð.

Ganga skal útfrá því að hlerar séu á báðum salernum og útfæra þurfi styrkingar fyrir skilrúm. Verktaki telur ekki þörf á frekari styrkingum fyrir skilrúm, af fyrri reynslu er það þó talið æskilegt. Verktaki setji ofangreind atriði í ferli og útfæri.

ÍMM

Óskað er eftir því að verktaki bíði með uppsetningu á handlaug inn í kennarastofu. Skólastjórnendur eru að skoða möguleika þess að stækka mögulega þá innréttingu sem þar er, verktaki klári uppsetningu á innréttingu og metið verði í framhaldinu hvort handlaug verði sett upp.

Rætt um val á tækjabúnaði inn á kaffistofu kennara (D2), þ.e. uppþvottavél. Gert er ráð fyrir hefðbundinni uppþvottavél sem skólastjórnendur telja ekki fullnægja þeirra þörfum, þarna verði töluverður fjöldi starfsmanna, óska eftir iðnaðaruppþvottavél. Eftirlit mun skoða frekar og taka upp með verktaka.

HÁ

2.3 Rannsóknir og prófanir

Verktaki notast við hugbúnaðinn Ajur við innra eftirlit sitt. Verktaki kemur til með að veita eftirliti aðgang. Verktaki hefur veitt eftirlitsaðilum aðgang.

2.4 Efnisútleiðing og samþykktir

Efnissamþykktir eru í gangi og er haldið utan um framgang þeirra í excelskjali sem vistað er í Dropboxi verksins.

Verktaki staðfestir að það efni sem hann leggur til samþykkar er yfirfarið og samþykkt af hönnuðum hússins.

Afgreiðsla efnissamþykktu eru í eðlilegum farvegi milli verktaka og eftirlits.

3 Framvinda

3.1 Verkstaða - verkáætlun

Verktaki hefur sent frá sér sumaraðgerðalista/verkáætlun fyrir húsbýggingu C. Skólastjórnendur upplýsa um að verktaki geti hafist handa við verkþætti nú þegar, starf innan skóla sé lítið og á afmörkuðu svæði. Vinna við úrbætur skv. listanum er hafinn og vegnar vel, verktaki ráðgerir að ljúka við atriðalista í næstu viku.

Fyrirtæki á vegum Hafnarfjarðarbæjar vann á dögum að því að vaxa gólfdukk í húsbýggingum A og B. Gengið var inn á dúk á einhverjum stöðum. Vinnu við að



vaxa er ekki lokið að fullu og þá á eftir að lagfæra þá staði þar sem gengið var inn á nývaxaðan dúk. Rætt um að æskilegt sé að framkvæma það í lok næstu viku og æskilegt að það sé framkvæmd yfir helgi, þegar umgangur er lítill sem enginn. Stefnt er að því, Ægir mun sjá um að skipuleggja það í samráði við aðila sem sjá um að vaxa gólfduki.

ÆBE

Hús A:

Uppsetning stálflóttastiga og handriða er lokið, unnið er að því að steypa undirstöður hans. Innanhúss hefur verið unnið að lokafrágangi og þrifum. Ráðgerð er lokaúttekt á morgun (19.júlí 2019).

Hús B:

Innanhúss hefur verið unnið að lokafrágangi. Afhending smíðastofu hefur farið fram og er verkkaupi byrjaður að koma tækjum og vélum fyrir í stofunni. Ráðgerð er lokaúttekt á morgun (19.júlí 2019).

Hús C:

Unnið er að úrbótum í samræmi við sumaraðgerðalista. Búið er að opna milli bygginga og slípa niður pall á 2. hæð framan við stiga og skipta út skemmdum glugga.

Hús D:

Uppsetning utanhússklæðningar er svo gott sem lokið, eftir stendur að setja upp þakhatta og gula klæðningu, er lokið um 99%. Innanhúss eru léttir innveggir komnir upp og unnið hefur verið að pípulögnum, loftræsilögnum og raflögnum á 1. og 2. hæð. Búið er að mála eina umferð á 1. og 2. hæð. Í starfsmannaaðstöðu (D2) er uppsetningu/ísetningu innréttingar og innihurðar lokið, gardínu settar upp í næstu viku.

	1.hæð	2.hæð
<i>Innveggir</i>	100%	100%
<i>Rafkerfi</i>	70%	90%
<i>Lagnir</i>	90%	100%
<i>Loftræsing</i>	90%	95%
<i>Gólfefni</i>	30%	30%
<i>Kerfisloft</i>	0%	20%
<i>Utanhússklæðning</i>		80%

Hús E :

Uppsetning undirkerfis utanhússklæðningar er lokið. Búið er að leggja pappa á svalir. Innanhúss er unnið er við uppsetningu létttra innveggja á 1. og 2. hæð og unnið er að ídrætti rafstrengja og við lagnir. Vinna við spörslun og málnu er hafin.



Hús F:

Búið er að einangra útveggi og setja upp undirkerfi utanhússklæðningar. Frágangur þakflata er búinn og búið að holufylla. Innanhúss er unnið við stofnlagnir og unnið er að hleðslu veggja í sturtuaðstöðu. Reyklúgur eru væntanlegar á verkstað fljótlega, eru í sendingu.

Lóðarfrágangur:

Girðingarvinna við byggingar A og B er hafin, verið að vinna í undirstöðuhólkum og undirbúning fyrir innsteypra undirstöður. Búið er að tyrfa megnið af lóðinni. Búið er að steypa undirstöður fyrir geymsluskúr og er verktaki farinn að huga að því að koma honum fyrir. Verktaki fari að huga að úttekt BSI á lóð/leiktækjum fyrir áfanga nr. 2.

Áætlun næstu tvær vikur:

Hús A: Klára húsbyggingu A að fullu og afhenda verkkaupa til afnota.

Hús B: Klára húsbyggingu B að fullu og afhenda verkkaupa til afnota.

Hús C: Klára aðgerðalista/sumaráætlun að fullu.

Hús D: Klára uppsetningu utanhússklæðningar og halda áfram með frágang innanhúss, þ.e. uppsetning kerfislofta, ídrætti rafstrengja og lagnavinna. Ljúka við starfsmannaaðstöðu (D2) að fullu og afhenda verkkaupa til afnota.

Hús E: Unnið að uppsetningu léttra veggja á 1. og 2.hæð og við stofnlagnir.

Hús F: Unnið verður að frágangi þakflatar. Innanhúss er unnið við stofnlagnir og hlaða veggja í sturtum.

Annað: Stefnt að því að klára lóðarfrágang fyrir áfanga nr. 2 að fullu og afhenda lóð í byrjun ágúst. Þegar lóðarfrágangi við húsbyggingar A og B er lokið mun verktaki snúa sér að frágangi lóðar bakvið húsbyggingu C.

Brunahönnuður vinnur að því að útbúa nýja skemamynd vegna áfangaskil nr.2, eftir að opnað hefur verið á milli húshluta B og C.

3.2 Hönnun, breytingar. Teikningar og önnur gögn

Verktaki hefur sent tilkynningar með tölvupósti þegar nýjar teikningar eru útgefnar, líkt og rætt hefur verið um, heldur því áfram.

Rætt um skipulag á leikskólalóð, þ.e. staðsetningu sandkassa. Einhver misskilningur virðist vera á milli aðila hvar stóri sandkassinn á að vera staðsettur. Lagt upp með að verkkaupi/leikskólastjórnendur merki inn á teikningu hvar setja skal upp stóran sandkassa og sendi á eftirlit sem upplýsi verktaka um. Það breytir verktaka ekki höfuðmáli hvoru megin stór sandkassi er staðsettur, þarf þó að fá um það skorið.



3.3 Rannsóknir og prófanir

Rætt um prófanir verktaka, t.a.m þrýstiprófanir lagna. Verktaki kemur til með að skoða og taka saman, í framhaldinu verði sett upp mappa á verkefnavef þar sem úttektarskýrslum er safnað saman og haldið utan um.

Þrýstiprófun er að klárast, verktaki kemur til með að senda skýrslur á eftirlit. Verktaki hefur sent skýrslur á eftirlit.

4 Önnur mál

4.1 Magntölur og reikningar

Rætt um magntölur sem sumar hverjar eru komnar yfir 100% í magntöluskrá. Magntöluskráin er aðeins vinnuþag en er ekki ráðandi varðandi endanlegan kostnað. Það er tilboðsupphæð verktaka sem gildir þó greitt sé eftir magskránni inn á verkið.

Eftir er að gera upp magnbreytingar vegna þess að yfirborð graftar var ekki í samræmi við útboðsgögn.

Verktaki og verkkaupi hafa fundað vegna greiðslutilhögunar og verkframvindu, ákveðið er að fylgja upphaflegri greiðsluáætlun.

Eftirtaldir reikningar hafa verið gerðir vegna verksins.

Framvindureikningur nr. 23 hefur verið afgreiddur.

Innb. Nr.	Dags	Vísitala reikn	Framvinda Kr.	Vísitala Kr.	Alls. m. verðb.	
1.	1.9.2017		20.428.635		20.428.635	
2.	1.10.2017	135,1	64.922.246	1.726.655	66.648.901	
3.	1.11.2017	135,8	97.194.869	3.101.964	100.296.833	
4.	1.12.2017	136,1	112.039.154	3.831.126	115.870.280	
5.	1.1.2018	136,5	106.852.143	3.978.537	110.830.680	
6.	1.2.2018	137	72.889.512	2.990.907	75.880.419	
7.	1.3.2018	136,9	123.708.353	4.982.175	128.690.529	
8.	1.4.2018	137	113.486.034	4.656.722	118.142.755	
9.	1.5.2018	137,4	205.809.708	9.070.641	214.880.349	
10	1.6.2018	139,1	160.952.927	9.172.849	170.125.776	
11	1.7.2018	139,2	247.271.257	14.280.103	261.551.360	
12	1.8.2018	139,9	288.891.031	18.220.331	307.111.362	
13	1.9.2018	139,9	241.537.100	15.233.723	256.770.823	
14	1.10.2018	140,2	154.397.832	10.089.828	164.487.660	
15	1.11.2018	141	148.489.713	10.606.408	159.096.121	

HÁ



16	1.12.2018	141,6	157.301.987	11.953.039	169.255.025	
17	10.01.2019	142,1	74.446.964	5.939.917	80.386.881	
18	01.02.2019	142,1	80.153.734	6.395.245	86.548.978	
19	01.03.2019	142,2	73.520.225	6.033.575	79.553.800	
20	01.04.2019	142,4	88.369.684	7.252.223	95.621.907	
21	01.05.2019	142,7	119.850.147	10.108.941	129.959.088	
22	01.06.2019	145,8	134.942.153	14.560.627	149.502.780	
23	01.07.2019	145,8	81.650.077	8.810.267	90.460.344	
Alls			2.969.105.485	182.995.803	3.152.101.285	

4.2 Auka- og viðbótarverk

Afgreiðsla aukaverka er í ferli, ekki mikið sem er óafgreitt.

Aukaverkareikningur vegna lóðarhönnun VSÓ bíður þar til niðurstaða liggur fyrir varðandi fjölda bílastæði, VSB og Eykt eru í samskiptum hvað það varðar.

Verktaki hefur sent frá sér verðtilboð í efnisúttegum og uppsetningu á körfuboltaspjaldi og fótoltamarki á leikskólalóð í framhaldi af ósk þar um. Skoðað verður hvort annað falli út á móti, sem verktaki átti að útvega og setja upp samkvæmt forsögn.

HÁ

4.3 Kröfur

Ekkert bókað.

4.4 Ýmis önnur mál

IM ætlar að athuga merkingar á stofum. Liggur fyrir að merkingar á stofum taki mið af hverri húsbyggingu fyrir sig, t.a.m húsbygging A (1.hæð) - A 101 og húsbygging A (2.hæð) - A 201. Skoða þarf hvort verktaki eigi að útvega og setja upp merkingar á skólastofum. Það er á hendi verktaka að útvega merkingar á skólastofum og setja upp. Arkitekt vinnur að tillögu sem borin verður undir verkkaupa/skólastjórnendur áður en farið verður í uppsetningu. Verktaki hefur lagt fram tillögu að útfærslu sem hefur verið samþykkt, sýnishorn er á leiðinni á verkstað til uppsetningar.

Í skólastofu á 1.hæð (sem liggur að húsbyggingu D) hafa komið í ljós rakaskemmdir ofan við flóttahurð. Verktaki skoði og vinni úrbætur á. Sömuleiðis sprungu í steiptum vegg sem snýr að húsbyggingu D, í sömu stofu. Verktaki mun vinna úrbætur á og lagfæra, er á sumaraðgerðalista verktaka. Búið að lagfæra leka sem átti uppruna í gegnum rafmagnsrör, eftir er að sparsla og mála vegg að innanverðu.

Verktaki vinnur að því að útfæra neyðarkallkerfi. Skoða þarf hvert boð frá neyðarkallkerfi frá söfnunarstað á að berast. Verktaki kemur til með að taka



saman og senda eftirliti upplýsingar um neyðarkallkerfi til yfirferðar. Komið á verkstað, verður lokið innan tveggja vikna. Búið að setja upp neyðarkallkerfi og tengja, afgreitt.

Skólastjórnendur upplýsa um að eldvarnarúttekt hafi farið fram í gær, þar sem fram komu nokkrar ábendingar/athugasemdir. Óskað eftir því að úttektarskýrsla verði áframsend á eftirlit til upplýsinga, farið verði yfir athugasemdir sem fram koma í skýrslu í framhaldinu. Skýrsla liggur ekki fyrir. Eftirlit hefur fengið skýrsluna og sendir áfram á verktaka og skólastjórnendur. Verktaki kemur til með að fara yfir og bregðast við athugasemdum/ábendingum úr skýrslu eldvarnarúttekta, er á sumaraðgerðalista verktaka. Verktaki vinnur að úrbótum við athugasemdum í úttektarskýrslu.

Óskað er eftir því að verktaki stækki leiksvæði til vesturs og setji niður rólur en rólurnar sem fyrir eru voru lagðar til af skólanum. Róla og gúmmímottur/undirlag er komið á verkstað. Tvær rólur til viðbótar komnar á skólalóð upp komnar.

Í húsbyggingu C verður farið yfir og skoðað bæði málningu (veggir) og stigahandrið sem eru illa farin. Verktaki hefur upplýst að ráðgert sé að fara í úrbætur á stigahandriði í sumar, er á sumaraðgerðalista. Er í vinnslu hjá verktaka.

Skoða þarf frekar klukku utan á skóla. Um þetta hefur verið rætt áður, sjá frekar undir fundargerðum stöðufunda nr. 20 og 21, skoða þarf útfærslur/möguleika hvað þetta varðar. Verktaki mun skoða frekar í samráði við rafvirkja hvaða möguleikar er í stöðunni, m.t.t þess bjöllumkerfis sem upp er komið í skólanum.

Farið var yfir hurðarmál í leikskóla og tónlistarskóla. Óskað hefur verið eftir endurskoðun/breytingu á hluta innihurða í húsbyggingum A og B, þ.e að umræddar innihurðar verði með gleri í hurðarspjaldi.

Meðfylgjandi fundargerð er skissa/teikning þar sem merkt hefur verið inn um hvaða hurðir ræðir. Óskað er eftir því að verktaki skoði umrædda breytingu frekar og leggi fram hver viðbótarkostnaður vegna þessa breytinga er, sem verkkaupi tekur afstöðu til. Skoða möguleika þess að notast við þegar uppsettar hurðir í seinni áföngum skóla og eða hvort betri lausn sé að breyta þeim hurðum sem þegar hafa verið uppsettar, setja í þær gler. Er í frekari skoðun hjá eftirliti og verktaka, liggur fyrir að ekki er hægt að fræsa í hurðarspjöld vegna stállista/plötu.

HÁ/ÍMM



Í tónlistarskóla (B2) í rýmum; B2.12, B2.13, B2.14 og B2.19 er óskað eftir því að í stað þeirra innréttinga sem skilgreinar eru (IR217/IR216) verði komið fyrir skápaeyningum á hjólum, færanlegum. Verktaki kemur til með að leggja til skápaeyningu á hjólum til samþykktar. Afgreitt.

Óskað er eftir því að verktaki/ráðgjafar skoði lausnir/tillögu að vindskermingu/girðingu á norðanverðri leikskólalóð til að brjóta niður vind. Landslagsarkitekt kemur til með að skoða frekar og leggja fram tillögu til samþykktar. Í vinnslu hjá verktaka.

Rætt um möguleika þess að fjölga bílastæðum á skólalóð. Hugmynd um að hugsanlega sé hægt að breyta umferðareyju við sleppistæði og koma þar fyrir skástæðum. Landslagsarkitekt mun skoða frekar og leggja fram tillögu að breytingum til samþykktar. Er í frekari vinnslu/samskiptum á milli VSB og Eykt.

Skoða með eldvarnartjöld á milli málmsuðu og trésmiðiverkstæði í smiðastofu (B1). Sömuleiðis þarf að skoða hvort ekki sé þörf á að koma þar fyrir slökkvitæki, er ekki gert ráð fyrir á fyrirliggjandi hönnun. Í vinnslu.

Í rýmum milli deilda í leikskóla eru föst borð en eiga að vera felliborð skv. útboðsgögnum. Eftirlit mun skoða frekar, vísað á bls. 89 í forsögn.

HÁ

Í úttekt Heilbrigðiseftirlits var sett út á lausar snúrur í gárdinum, sama athugasemd var gerð við forúttekt. Verktaki festir snúrurnar. Verktaki óskar eftir afriti af skýrslu Heilbrigðiseftirlits. Búið að setja festingar fyrir gárdínubönd.

BK bendir á að aðgangsstýring sé sett upp vitlausu megin á vegg á tveimur stöðum. Verktaki lagar. Verktaki hefur lagfært.

BK er með ábendingu um að stálvaskur í listasmiðju sé með hvössum brúnum. Eftirlit skoðar betur. Verktaki kemur til með að lagfæra.

BK telur að fjölga þurfi þurrskápum. Eftirlit athugi hvort fjöldi skápa sé í samræmi við útboðsgögn. Óskað er eftir því að verktaki útvegi og setji upp tvo þurrskápa til viðbótar.

ÍMM

Skoða þarf gögn varðandi hurðir að básum á snyrtingum í leikskóla. Athuga hvort hurðir eiga að vera að báðum básunum eða bara öðrum eins og þetta er sett upp og er á teikningum. Efasemdir eru komnar með styrkleikann á básunum, hvort ekki þurfi að setja upp slár til að styrkja básana. Eftirlit fer



betur yfir þetta. Það liggur fyrir ósk/beiðni til verktaka að setja upp hurðir á báða bása á salernum og útfæra frekari styrkingar á skilrúmunum.

Setja þarf klemmivarnir á hurðir í leikskóla, HG fer yfir og skoðar á hvaða hurðir þarf að setja klemmivarnir. Skoða þörf á að fá klemmivörn beggja vegna á hurðar, er uppsett öðrum megin eins og er. Berglind mun kanna frekar og upplýsa um.

Skoða þarf rafmagnstengla í vélasal smíðastofu, þ.e. staðsetningu 3ja fasa tengla. Eftirlit mun skoða frekar.

HÁ

Óskað eftir að verktaki setji upp rimla sem hefur verið fjárfest í fyrir leikskóla, leikskólastjóri kemur til með að sýna verktaka staðsetningu þeirra eftir verkfund.

Verktaki kappkostar við að klára áfangaskil nr.2 eins fljótt og nokkur kostur er. Forúttekt á áfanga nr. 2 fór fram á fimmtudaginn 27.júní 2019.

Verktaki hefur óskað/kallað eftir lokaúttekt, ráðgerð er lokaúttekt á áfanga nr. 2 á morgun (föstudaginn 19.júlí) klukkan 13:00.

Verktaki horfir til þess og stefnir á skila áfanga nr. 2 fullbúnum þann 31.júlí 2019. Þar með verði öllum frágangi innan- og utanhúss lokið auka fullnaðarþrifa, sömuleiðis verði lóðarfrágangi lokið. Verkkaupi fái þar með áfanga nr. 2 (húsbyggingar A og B) afhentan til afnota 31.júlí 2019.

4.5 Næsti verkfundur

Næsti verkfundur verður miðvikudaginn 1. ágúst, kl. 14:00, á verkstað.

f.h.
eftirlits

f.h.
verkkaupa

Umsjónarmaður

Fulltrúi verkkaupa

Staðfesting á samþykki fundargerðar:

Fyrir verktaka: _____ Dags: _____